

059/00 - Bv. Haukur GK-25

Haukur GK-25, tekur niðri í innsiglingunni til Sandgerðishafnar

Bv. Haukur GK-25

Skipaskr.nr.: 2107

Smíðaður: í Noregi 1984 úr stáli

Stærð: 479,35 brl; 742,00 bt

Lengd: 46,85 m **Breidd:** 10,09 m **Dýpt:** 7,10 m

Vél: Wichmann 1.495,00 kW **Árgerð:** 1984

Annað:

Földi skipverja: 13

Atvikalýsing

Hinn 30. október 1998 kl. 00:00 (miðnætti) var bv. Haukur GK-25 við norðurkant suðurbryggjunnar í Sandgerðishöfn, stb.-síða að bryggju.

Þegar farið var frá bryggjunni um kl. 00:20 var fastsetningarendi settur upp á endann á bryggjunni og bakkað í afturspring og skipinu snúið þar til það stefndi sem næst í hafnarmynnið. Var siglt af stað og snúið til bakborða. Varð að bakka stutta stund og sigla síðan áfram til að ná snúningnum í hafnarmynnið. Þegar skipið var í bakborðssnúningi á siglingu frá bryggjunni tók það niðri og hallaðist til bakborða og skreið skipið eftir malarkambi eða hrúgu að því er talið var. Heyrðust skruðningar þegar skrúfan tók grjótið og sendi það gegnum skrúfuhringinn.

Við þessar aðstæður var ekkert annað að gera en reyna að sigla skipinu út úr höfninni og út siglingarrennuna og var það gert. Ekki kom neitt sérstakt í ljós að sögn skipstjóra og var skipinu haldið áfram til veiða. Seinna komu í ljós skemmdir á skrúfu og var skipið tekið á þurrt til viðgerða.

Við rannsókn kom fram

- að framkvæmdir við dýpkun hafnarinnar í Sandgerði höfðu staðið yfir um tíma þegar skipið tók niðri. Var um að ræða sprengingar og uppgröft. Tilkynningar höfðu verið gefnar um framkvæmdir við höfnina;
- að skipið risti um 6 metra (+ -). Þar af leiðandi þurfti að sæta sjávarföllum við siglingu skipsins í og úr höfn;
- að skipstjóri sagði að hann hefði oft siglt skipinu inn í Sandgerðishöfn og snúið því í höfninni án nokkurra vandræða. Hann sagði að venjan væri að sigla inn og út úr höfninni á þessu skipi þegar hásjávað væri. Siglt var frá bryggjunni skömmu fyrir háflóð;
- að hafnaryfirvöldum í Sandgerði var ekki tilkynnt um atburðinn þegar í stað. Var ekki tilkynnt um atvikið fyrr en nokkrum dögum síðar

Nefndarálit

Nefndin vill benda á að skipstjórnarmanni ber að koma tilkynningum um komu og burtför til hafnaryfirvalda en hafnaryfirvöld eiga ekki að þurfa að biðja um slíkar upplýsingar.

Við slíka tilkynningu fengi skipstjórnarmaður þær upplýsingar sem vitað er um varðandi framkvæmdir við höfnina. Skipstjórnarmenn sem hafa fengið tilkynningar um framkvæmdir við hafnir, s.s. dýpkanir eða framkvæmdir við bólvirki, þurfa að afla sér upplýsinga frá hafnaryfirvöldum um ástand í höfninni á hverjum tíma. Skipstjórnarmenn geta ekki ætlast til að tæmandi upplýsingar varðandi framkvæmdir og ástand í höfninni komi frá hafnaryfirvöldum til hvers einstaks skips heldur ber skipstjórnarmönnum að leita eftir upplýsingum. Þegar um er að ræða sprengingar til að dýpka höfn verða oftast dýpisbreytingar (grynnkun) sem ekki er hægt að upplýsa um af neinni nákvæmni fyrr en grafið hefur verið út

og dýpi mælt. Er þetta sérstaklega áriðandi fyrir siglingu skipa með mikla djúpristu miðað við dýpi í höfninni.

Framkvæmdir við dýpkun hafnar hafa alltaf einhver óþægindi í för með sér fyrir sjófarendur en taka þarf tillit til þess að með þeim framkvæmdum er verið að bæta öryggi og aðstæður fyrir skipin.

Nefndin telur að í ljósi þess, að um umfangsmiklar framkvæmdir við dýpkun hafnarinnar var að ræða og ljóst að ekki væri hægt að upplýsa af öryggi um ástand í höfninni hvað varðar dýpi, hefði verið ráðleggra að sigla skipi með svo mikla djúpristu til annarrar hafnar á meðan á framkvæmdum stóð.